

Starfsemi Verðlagsnefndar búvöru 2011

Verðlagsnefnd búvöru hélt 4 bókaða fundi á árinu 2011, en nefndin ákveður lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara eins og nýmjólkur, rjóma, undanrennu, skyr, smjör, osta og mjólkurdufts. Í nefndinni eru eftirtaldir fulltrúar: Ólafur Friðriksson, formaður nefndarinnar frá Sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneyti, Elín Björg Jónsdóttir frá BSRB, Björn Snæbjörnsson frá ASÍ, Haraldur Benediktsson Bændasamtökum Íslands, Sigurður Loftsson Landssambandi kúabænda, Guðrún Sigurjónsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Í störfum sínum styðst nefndin við mældar breytingar gjaldaliða í Verðlagsgrundvelli kúabús skv. upplýsingum Hagstofu Íslands, auk kostnaðabreytinga við vinnslu og dreifingu mjólkurvara, en heildsöluverð mjólkurvara samanstendur af tveimur meginþáttum sem Verðlagsnefnd fjallar um:

- a) *Hráefniskostnaði*
(*Greiðslu afurðaverðs til mjólkurframleiðenda = Lágmarksverð mjólkur*)

- b) *Vinnslu- og dreifingarkostnaði*
(*Rekstri afurðastöðva þ.e. vinnslu mjólkur, sölu og dreifingu mjólkurvara*)

Þó svo að til grundvallar liggja Verðlagsgrundvöllur kúabús og mældar hækkanir kostnaðarliða við vinnslu og dreifingu mjólkurvara, hverju sinni, er ákvörðun um verðlagningu mjólkur og mjólkurvara ávallt samkomulagsatriði milli viðsemjenda í nefndinni.

HEILDSÖLUVERÐLAGNING Á ÁRINU 2011

Tvær breytingar urðu á heildsöluverði mjólkur á árinu 2011. Fyrri verðbreytingin átti sér stað 1. febrúar og sú seinni 1. júlí.

Verðlagning 1. febrúar 2011

Aðdragangi verðlagningar 1. febrúar 2011 var langur, en á árinu 2010 voru haldnir 7 bókaðir fundir sem ekki leiddu til breytinga, hvorki á lágmarksverði til framleiðenda né á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur. Ákvörðun um verðbreytingu var tekin í janúar 2011 með gildistöku 1. febrúar 2011. Sú hækkun nam um 2,25% af heildsöluverði út á markað, og rann sú hækkun öll til mjólkurframleiðenda, en hún var 3,25 kr/ltr – eða um 4,57% af lágmarksverði mjólkur.

Verðlagning 1. júlí 2011

Verð mjólkurvara tók aftur breytingum 1. júlí 2011, eða 5 mánuðum síðar. Að þessu sinni hækkaði bæði lágmarksverð mjólkur til framleiðenda og einnig vinnslu- og dreifingarkostnaður til afurðastöðva. Lágmarksverð til framleiðenda hækkaði um 4,37% - eða um 3,25 kr/ltr. Vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkaði um 4,13% - eða um 3,02 kr/ltr. Vegin hækkun út á markað var því 4,25% - eða um 6,27 kr/ltr.

Samanlögð breyting heildsöluverðs mjólkurvara á árinu 2011, í verðlagningum 1. febrúar og 1. júlí, nam því 6,6% eða um 9,52 kr/ltr mjólkur. Þess ber að geta að fram að verðbreytingum ársins 2011, hafði heildsöluverð mjólkurvara ekki tekið breytingum frá 1. ágúst 2009, þar sem vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækkaði. Við þá verðlagningu varð engin breyting á lágmarksverði til framleiðenda. Lágmarksverð til framleiðenda tók síðast breytingum 1. nóvember 2008. Frá síðustu verðlagningu til 1. febrúar verðlagningar 2011, höfðu því liðið 26 mánuðir frá hækkun lágmarksverðs til framleiðenda (1. nóvember 2008 – 1. febrúar 2011)

og 17 mánuðir frá breytingu verðlagningu vinnslu- og dreifingarkostnaðar til afurðastöðva (1. ágúst 2009 – 1. febrúar 2011).

SAMANTEKT VERÐBREYTINGA 2007 – 2011

Árin 2007 – 2011 er tímabil mikilla umbrota í efnahag og rekstri hér á landi. Verðlag hefur tekið miklum breytingum vegna efnahagskreppu og áhrifa hennar. Orkuverð á heimsvísu hefur náð hæstu hæðum og verður vart séð fyrir endann á þeirri þróun. Samhliða orkuverði hefur heimsmarkaðsverð á ýmissri hrávöru tekið miklum breytingum á tímabilinu. Orku- og hrávöruverð á heimsmarkaði hefur, með beinum og óbeinum hætti, áhrif á verð á tilbúnum áburði, kjarnfóðri og fleiri þáttum tengdum búrekstri og einnig á vörunotkun mjólkurvinnslunnar. Þessar verðhækkanir hafa því bein áhrif á rekstrarforsendur mjólkurframleiðslunnar og einnig á rekstrarskilyrði vinnslu og dreifingar hjá afurðastöðvum.

LÁGMARKSVERÐ MJÓLKUR

Í töflu 1. er yfirlit yfir þróun lágmarksverðs til framleiðenda á tímabilinu 2007 – 2011.


Tafla 1. Breyting á lágmarksverði mjólkur 1. janúar 2007 – 31. desember 2011

Dags	Verð kr/ltr		Breyting	
	Fyrir	Eftir	Kr	%
1. júlí 2007	47,45	48,64	1,19	2,51%
1. nóvember 2007	48,64	49,26	0,62	1,27%
1. janúar 2008	49,26	49,96	0,7	1,42%
1. apríl 2008	49,96	64	14,04	28,10%
1. nóvember 2008	64	71,13	7,13	11,14%
1. febrúar 2011	71,13	74,38	3,25	4,57%
1. júlí 2011	74,38	77,63	3,25	4,37%
Samtals 1. janúar 2007 - 31. desember 2011	47,45	77,63	30,18	63,6%

Ef litið er til breytinga einstakra þátta í mælingum Verðlagsgrundvallar kúabús, kemur m.a. fram að kjarnfóður hefur hækkað um 118% á tímabilinu, eða um sem nemur 10,6 kr/ltr mjólkur og áburður um 206%, eða um 9,5 kr/ltr á umræddu tímabili 2007 -2011. Samanlagt hafa þessir liðir því hækkað um 20 kr/lítra á tímabilinu. Aðrir liðir verðlagsgrundvallar hafa einnig hækkað umtalsvert þó því sé ekki frekari gerð skil hér. Skv. yfirlitinu í töflu 1 hefur lágmarksverð mjólkur hækkað um 63,6 % eða um 30 kr/ltr á tímabilinu. Ekki er hér tekið tillit til breytinga á beingreiðsluþætti mjólkurverðs til framleiðenda.

VINNSLU- OG DREIFINGARKOSTNAÐUR MJÓLKUR

Í mynd 1. kemur fram þróun þeirra þátta sem mynda heildsöluverð mjólkurvara (lágmarksverð mjólkur og vinnslu- og dreifingarkostnaður) í samanburði við þróun almenns verðlags í landinu (vísitala neysliverðs janúar 2007 = 100).



Mynd 1 Þróun verðlags og vinnslu- og dreifingarkostnaðar janúar 2007 – desember 2011

Eins og fram kemur hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkað um 35% á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um 45% á tímabilinu 2007 – 2011. Sá hluti kostnaðarhækkana í vinnslu- og dreifingu, sem ekki hefur verið borinn uppi með verðhækkunum frá markaði, hefur verið mætt með hagræðingaraðgerðum.

FRAMLEGÐARSKEKKJA Í VERÐLAGNINGU MJÓLKURVARA

Á undanegnum árum hefur verið mikil umfjöllun innan greinarinnar um framlegðarskekkju milli mjólkurvara, og þá hefur sjónum einkum verið beint að verðlagningu á drykkjarmjólk. Þó hefur framlegðarskekkjan einnig verið bundin við fleiri vöruflokka þó svo áhersla hafi hvílt af mestum þunga á drykkjarmjólkinni. Fulltrúar SAM í verðlagsnefnd búvöru hafa fylgt þessum áherslum eftir og unnið að undirbúningi og breytingum á verðlagningu viðkomandi vörutegunda með það að markmiði að leiðrétta umrædda skekkju að því marki sem það er gerlegt.

Við verðlagningu í ágúst 2009, þar sem einungis vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkaði (ekki lágmarksverð til framleiðenda) voru fyrstu skipulögðu skrefin tekin. Framkvæmdin hefur verið með þeim hætti að vöruflokkar sem hafa verið framlegðarlágir hafa verið hækkaðir sérstaklega umfram almenna hækkun. Einingarverð sérhækkana 2009 – 2011 og heildarupphæðir á ársgrunni koma fram í töflu 2.

Tafla 2. Sérhækkningar á vegum Verðlagsnefndar búvöru til leiðréttingar á framlegðar skekkju mjólkurvara 2007 - 2011

Vöruflokkur	Kr/ltr kg	2009	2010	2011	2007 - 2011
Nýmjólk	6	74.300.000	0	18.720.000	93.020.000
Léttmjólk	1,3	17.550.000	0	2.280.000	19.830.000
Skyr	20	0	0	9.400.000	9.400.000
Smjör	18	0	0	15.601.250	15.601.250
Undanrennu- og nýmjólkurduft	67	29.200.000	0	13.120.000	42.320.000
SAMTALS (09 - 11)		121.050.000	0	59.121.250	180.171.250

Á tímabilinu hefur nýmjólk hækkað aukalega um 6 kr/ltr, skyr um 20 kr/kg, smjör um 18 kr/kg og nýmjólkur- og undanrennuduft um 67 kr/kg. Samanlagt hafa þessar vörur hækkað um 180 millj. kr. á ársgrunni umfram almenna hækkun með séraðgerðum Verðlagsnefndar við verðákvarðanir á tímabilinu.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Pálmi Vilhjálmsson, aðalfulltrúi

Guðrún Sigurjónsdóttir, aðalfulltrúi